
FUNDARGERÐ

Fundur: Eldsneytishópur 2012-02
Fundartími: Miðvikudagur 21. mars 2012 kl. 10:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Gögn um eldsneytisnotkun ársins 2011.
- 2) Drög 2 að endurskoðaðri eldsneytisspá.
- 3) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Magnús Ásgeirsson, N1

Efla: Jón Vilhjálmsson

- 1) Farið var yfir tölur um notkun eldsneytis 2011 og sagði JV að tölurnar litu vel út og betra samræmi væri í þeim en undanfarin ár. Ákveðið var að lagfæra tölu frá 2009 um notkun Steinolíu í samgögnum og flytja um 3.000 tonn yfir í þotueldsneyti, millilandanotkun. JV benti á að olía í erlend fiskiskip hefði verið flokkuð í síðustu spá með millilandanotkun að beiðni BH og var JV falið að breyta töflunni í samræmi við það. Notkun á gasi virðist nú í betra samræmi við eldri tölur en undanfarin tvö ár. Sama tala er um notkun á vetni eins og árið 2010 og ætlar ÁSL að athuga það. Tölur um millilandanotkun skipa eru mun eðlilegri núna en síðustu tvö ár. ÁSL mun athuga hvort rétt sé að leiðrétta tölurnar síðustu tvö ár og færa þá notkun frá erlendum fiskiskipum.

ÁSL benti á að innflutningstölur fyrir flotaolíu og svartolíu passa ekki vel við notkunartölur og spurði hvort verið væri að blanda saman þessum tegundum. MÁ sagði að slíkt væri gert til að fá þynnri svartolíu svo sem fyrir skip. MÁ ætlar að taka saman blöndunarhlutföll út í IFO380 til að fá IFO30/40/60/80/120. Þessi blöndum hófst árið 2005 þegar farið var að flytja inn IFO380. ÁSL mun svo athuga með að leiðrétta tölur út frá þessu.

- 2) Farið var yfir drög 2 að skýrslu um eldsneytisspá en JV hafði sett inn ný gögn í líkan og uppfært myndir og texta í skýrslu. Hann sagðist ekki hafa breytt skilgreiningum í spánni en muni gera það eftir fundinn. Ákveðið var að láta skiptingu á milli dísilolíu og bensíns á bifreiðar vera óbreytt út spátímabilið í samræmi við þróun allra síðustu ára. Ákveðið var að hækka spá um millilandanotkun í flugi fyrir allra næstu ár sem síðan skilar sér út

spátímann. Miða skal við verðlag 2011 á mynd 3.1. Á mynd 4.6 var ákveðið að hafa Steinólú með Þotueldsneyti.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 12:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um eldsneytisnotkun.
- Drög 2 að skýrslu um endurreikning eldsneytisspár.

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Ágústa	Lagfæra í grunni Steinólú 2009, færa um 3.000 í þotueldsneyti millilanda.
Jón	Flytja erlend fiskiskip yfir í millilandanotkun.
Ágústa	Vetni 2011, sama tala og 2010.
Ágústa	Á að leiðrétta millilandanotkun skipa 2009 og 2010?
Magnús	Blöndunarhlutföll flotaólú og svartólú til að fá IFO30/40/60/80/120
Ágústa	Lagfæra gögn út frá íblöndun flotaólú og gasólú
Jón	Lagfæra forsendur spár og uppfæra skýrslu til samræmis